



# SJÁLFSMATSSKÝRSLA ÞINGEYJARSKÓLA

Veturinn 2017 - 2018

## Efnisyfirlit

Inngangur .....	4
Um Þingeyjarskóla .....	5
Starfsfólk .....	5
Skólastjóri .....	5
Deildarstjórar og teymisstjórar .....	5
Kennarar og annað starfsfólk .....	5
Nemendur .....	5
Innra mat .....	7
Gæðagreinar 2 .....	7
Matsáætlun 2017 – 2020 .....	9
Niðurstöður .....	10
Gæðagreinir 4.2 Árangur samstarfs og tengsla skólans við samfélagið í heild .....	10
Vinnulag .....	10
Yfirlit gæðagreinis .....	10
Viðmið fyrir einkunnina 5 og 2 í gæðagreini 4.2 .....	10
Heildareinkunnargjöf .....	10
Matssamantekt .....	11
Þróunaráætlanir .....	11
Gæðagreinir 5.2 Kennsla sem leiðir til árangursríks náms .....	12
Vinnulag .....	12
Yfirlit gæðagreinis .....	12
Viðmið fyrir einkunnina 5 og 2 í gæðagreini 5.2 .....	12
Heildareinkunnargjöf .....	13
Matssamantekt .....	13
Þróunaráætlanir .....	13
Gæðagreinir 5.3 Til móts við námsþarfir .....	14
Vinnulag .....	14
Yfirlit gæðagreinis .....	14
Viðmið fyrir einkunnina 5 og 2 í gæðagreini 5.3 .....	14
Heildareinkunnargjöf .....	14
Matssamantekt .....	14
Þróunaráætlanir .....	15

Gæðagreinir 5.4 Mat í þágu náms/leiðsagnarmat .....	15
Vinnulag .....	15
Yfirlit gæðagreinis .....	15
Viðmið fyrir einkunnina 5 og 2 í gæðagreini 5.4.....	15
Heildareinkunnargjöf.....	16
Matssamantekt.....	16
Þróunaráætlanir.....	16
Gæðagreinir 5.7 Samstarf við nemendur og foreldra .....	16
Vinnulag .....	16
Yfirlit gæðagreinis .....	17
Viðmið fyrir einkunnina 5 og 2 í gæðagreini 5.7.....	17
Heildareinkunnargjöf.....	17
Matssamantekt.....	18
Þróunaráætlanir.....	18
Gæðagreinir 5.8 Umhyggja og velferð og þroski nemenda .....	19
Vinnulag .....	19
Yfirlit gæðagreinis .....	19
Viðmið fyrir einkunnina 5 og 2 í gæðagreini 5.8.....	19
Heildareinkunnargjöf.....	20
Matssamantekt.....	20
Þróunaráætlanir.....	20
Gæðagreinir 5.9 Sjálfsmat sem undirstaða umbótastarfs.....	21
Vinnulag .....	21
Yfirlit gæðagreinis .....	21
Viðmið fyrir einkunnina 5 og 2 í gæðagreini 5.9.....	21
Heildareinkunnargjöf.....	22
Matssamantekt.....	22
Þróunaráætlanir.....	23
Gæðagreinir 6.1 Endurskoðun skólustefnu og þróunarvinna.....	23
Vinnulag .....	23
Yfirlit gæðagreinis .....	23
Viðmið fyrir einkunnina 5 og 2 í gæðagreini 6.1.....	23
Heildareinkunnargjöf.....	24

Matssamantekt .....	24
Þróunaráætlanir .....	24
Gæðagreinir 6.2 Þátttaka í stefnumótun og áætlunargerð .....	25
Vinnulag .....	25
Yfirlit gæðagreinis .....	25
Viðmið fyrir einkunnina 5 og 2 í gæðagreini 6.2.....	25
Heildareinkunnargjöf .....	25
Þróunaráætlanir .....	26
Gæðagreinir 6.3 Þróunaráætlanir.....	26
Vinnulag .....	26
Yfirlit gæðagreinis .....	26
Viðmið fyrir einkunnina 5 og 2 í gæðagreini 6.3.....	26
Heildareinkunnargjöf.....	27
Matssamantekt.....	27
Þróunaráætlanir .....	28
Þemavinna .....	28
Haustþema .....	28
Jólaþema .....	28
Vorþema .....	29
Jólafondurdagur.....	29
Skemmtanir.....	29
Haustgleði .....	30
Vorgleði.....	30

## Inngangur

Samkvæmt 35. og 36. grein grunnskólalaga frá 2008 ber öllum grunnskólum að framkvæma kerfisbundið sjálfsmat. Tilgangur þess er að kanna hvort markmiðum skólans hefur verið náð, greina sterka og veika þætti í skólastarfinu og skapa þannig grunn að umbótum. Margir ólíkir þættir hafa áhrif á skólastarf og skólar verða að koma til móts við ólíkar þarfir. Sjálfsmatið verður stöðugt að vera í gangi og er langtímamiðið. Með því fer fram víðtæk gagnasöfnun um skólastarfið. Sjálfsmat skóla er því leið til þess að miðla þekkingu á skólastarfi og er liður í þróun og vexti hvers skóla. Sjálfsmat, umbætur og mat á þeim eru því lykill að því að gera góðan skóla betri. Samkvæmt grunnskólalögum er það í verkahring sveitastjórna að sinna mati og eftirliti með gæðum skólastarfs, sbr. 5., 6. og 37.gr., og láta ráðuneyti í té upplýsingar um framkvæmd skólahalds, innra mat skóla, ytra mat sveitarfélaga, framgang skólustefnu sinnar og áætlanir um umbætur. Samkvæmt 38. grein grunnskólalaga kemur fram að menntamálaráðuneytið annast greiningu og miðlun upplýsinga um skólahald í grunnskólum á grundvelli upplýsinga frá sveitarfélögum skv. 37. gr. og með sjálfstæðri gagnaöflun. Skólar geta valið hvaða aðferðum þeir beita í sjálfsmatvinnunni. Ákveðin viðmið sem skólum er ætlað að uppfylla í sjálfsmatvinnunni eru gefin út á vegum ráðuneytisins svo og leiðbeiningar um sjálfsmat. Til að mat teljist uppfylla viðmið laga þarf það að vera formlegt, altækt, áreiðanlegt, samstarfsmiðið, umbótamiðið, árangursmiðið, stofnana- og einstaklingsmiðið, lýsandi, greinandi og opinbert.

Það er skólum í sjálfsvald sett að velja aðferð til innra mats og um það gilda ákveðin viðmið sem sett eru af ráðuneytinu. Þar er kveðið á um að mat skuli vera formlegt, altækt, áreiðanlegt, samstarfsmiðið, umbótamiðið, árangursmiðið, stofnana- og einstaklingsmiðið, lýsandi, greinandi og opinbert.

Ákveðið var að nota matstækið Gæðagreina 2 sem er þýðing á skosku matskerfi sem heitir *How Good is Our School 3? The Journey to Excellence*. Þýðingin er unnin af Þóru Björk Jónsdóttur og Helgu Harðardóttur kennsluráðgjöfum í Skagafirði.

Að vinnu við innra mat kemur allt starfsfólks grunnskólans að einhverju leyti, þó er það misjafnt eftir viðfangsefnum.

## Um Þingeyjarskóla

Þingeyjarskóli tók til starfa haustið 2012 eftir sameiningu Hafralækjarskóla, Litlulaugaskóla, leikskólanna Barnaborgar og Krílabæjar. Grunnskólinn starfaði bæði í Litlulaugaskóla og í Hafralækjarskóla til vors 2015 en þá var ákveðið að færa alla starfsemi grunnskólans í húsnæði Hafralækjarskóla og um leið að nota alfarið nafn Þingeyjarskóla.

Þegar ákveðið var að öll starfsemi grunnskólans yrði í Hafralækjarskóla var farið í miklar endurbætur á húsnæðinu. Ákveðið var að færa alla starfsmannaaðstöðu upp á hæðina fyrir ofan mótuneytið en þar hafði áður verið heimavist en það húsnæði hafði lítið verið notað. Þá var ákveðið að kennslustofur allra stiga og námsver yrðu staðsett á aðalhæðinni ásamt því að bókasafninu var komið fyrir þar sem starfsmannaaðstaða hafði verið áður. Opnað var út á gang þannig að bókasafnið er eins og hjarta skólans. Þar geta bæði nemendur og starfsfólk farið og skráð bækur á sig og skilað. Þá er það einnig opið fyrir almenning þar sem bókasafn skólans og bókasafn gamla Aðaldælahrepps var sameinað fyrir mörgum árum.

Aðstaða tónlistaskólans var færð í vesturkjallarann og þar er einnig Frístund með aðstöðu. Í suðurkjallara eru list- og verkgreinastofur auk tónlistarherbergis, þrekaðstöðu, gufubaðs og búningsaðstöðu sundlaugar. Sunnan við húsið er 12 m löng afgirt sundlaug sem ekki er í notkun. Íþróttir eru kenndar bæði í Ýdölum og íþróttahúsi Framhaldsskólans á Laugum og sund í 25 metra langri sundlaug sveitarfélagsins sem er þar við íþróttahúsið.

Skólalóðin er stór og umhverfið fjölbreytt. Leiksvæði nemenda er sunnan og austan við skólann. Á lóðinni eru fótboltavellir, körfuboltavöllur, leiktæki og sandkassi.

## Starfsfólk

### Skólastjóri

Skólastjóri Þingeyjarskóla er Jóhann Rúnar Pálsson.

### Deildarstjórar og teymisstjórar

Í Þingeyjarskóla eru starfandi grunnskóladeild, tónlistarskóladeild og tvær leikskóladeildir, Barnaborg og Krílabær. Þrjú teymisstjórar eru í grunnskóladeild: Hildur Rós Ragnarsdóttir (unglingastig), Harpa Þorbjörg Hólmgrímsdóttir (miðstig) og Hulda Svanbergisdóttir (yngsta stig) sem er jafnframt staðgengill skólastjóra. Pétur Ingólfsson deildarstjóri tónlistarskóladeildar. Deildarstjóri Barnaborgar er Nanna Marteinsdóttir og deildarstjóri Krílabæjar er Birna Óskarsdóttir.

### Kennarar og annað starfsfólk

Kennarar við grunnskólann eru 14 í mismiklu starfshlutfalli. Stöðugildi til kennslu og stjórnunar eru 12,84 (kennarar, verkefnastjórar/teymisstjórar, námsráðgjafi og skólastjóri). Einnig starfa 4 skólaliðar í 3.3 stöðugildum, þrjú stuðningsfulltrúar í 2,3 stöðugildum, iðjupjálfi í 80%, húsvörður í 60% starfi og 3 matráðar í 2,4 stöðugildum. Fjöldi starfsmanna við leikskóla er 14 í 9,52 stöðugildum. Við tónlistardeild var deildarstjóri og einn kennari í 2 stöðugildum auk 2 stundakennara.

### Nemendur

Við lok skólaárs 2017 – 2018 voru nemendur skólans 68. Kennslustundir á viku voru 192. Fjöldi nemenda: Yngsta stig

1. bekkur 5 nemendur
2. bekkur 4 nemendur
3. bekkur 14 nemendur

4. bekkur 5 nemendur

#### Miðstig

5. bekkur 11 nemendur
6. bekkur 6 nemendur
7. bekkur 6 nemandi

#### Unglingastig

8. bekkur 6 nemendur
9. bekkur 9 nemendur
10. bekkur 2 nemendur

## Innra mat

Öllum skólum ber samkvæmt lögum að vinna að innra mati. Þegar Hafralækjarskóli og Litlulaugaskóli voru sameinaðir í eina stofnun var ákveðið að nota mælitækið Gæðagreinar 2 en Hafralækjarskóli hafði notað Gæðagreina 2 sem matstæki í tvö ár fyrir sameiningu og Litlulaugaskóli hafði ekki notað sérstaka aðferð. Gæðagreinar eru þýðing á skoska matskerfinu **How good is our school?**

Eftir að ákveðið var að hafa eina starfstöð lá skipulegt innra mat niðri. Í haust var tekinn upp þráðurinn og ákveðið að halda áfram og nota Gæðagreini 2 sem megin mælitæki. Umsjón hafa með starfinu Þorbjörg Jóhannsdóttir og Berglind Gunnarsdóttir.

### Gæðagreinar 2

Gæðagreinum 2 er skipt í níu lykilmætti:

1. Heildarárangur
2. Áhrif á nemendur
3. Áhrif á starfsfólk
4. Áhrif á samfélagið
5. Menntun
6. Stefnumótun og áætlanagerð
7. Starfsmannastjórnun og stuðningur við starfsfólk
8. Samvinna og búnaður
9. Forysta

Einnig má búa til gæðagreina til að meta ákveðna þætti skólustarfsins sem ekki eru til staðar í matstækinu. Hverjum lykilmætti er skipt niður í tvo eða fleiri undirþætti eða þemu.

Í matinu er markmiðið ávallt að ná sem hæstri einkunn. Vinnan við hvern gæðagreini felst í því að skilgreina lykilmætti og viðmið, greina sterka og veika þætti og áætla leiðir til úrbóta.

Við mat með gæðagreinum eru alltaf þrjár spurningar sem liggja til grundvallar.

1. Hvernig stöndum við okkur?
2. Hvernig vitum við það?
3. Hvað gerum við næst?

Einkunnaskalinn er á bilinu 1-6 og hljóti skólinn einkunnina 6 í einhverjum gæðagreini er það til marks um það að skólinn skari fram úr á landsvísu og sé leiðandi á því sviði.

6	Framúrskarandi	Framúrskarandi eða leiðandi á sínu sviði
5	Mjög gott	Afar sterkur þáttur
4	Gott	Mikilvæg atriði yfirleitt sterk en ákveðin atriði gætu orðið betri
3	Nægilegt	Sterk atriði rétt ná að veiga meira en slök
2	Slæmt	Mikilvæg atriði slök
1	Ófullnægjandi	Afar slakur þáttur



**Einkunn 6 - framúrskarandi** er notað að uppfylltum skilyrðum fyrir framúrskarandi árangri á tilteknu sviði þar sem skólinn er leiðandi á sínu sviði á landsvísu. Námsreynsla nemenda og árangur þeirra eru framúrskarandi. Matið framúrskarandi er gefið fyrir framúrskarandi gæði skólustarfs og er dæmi um bestu framkvæmd/verklag og er þess verðugt að útbreiða/kynna til aðila utan skólans. Það felur í sér að hágæða skólustarf er sjálfbært og verður við haldið.

**Einkunn 5 - mjög gott** á við um þegar skólustarf einkennist af styrkleika. Mjög fá sóknarfæri eru til umbóta og engin atriði sem sýnilega rýra námsreynslu nemenda. Þrátt fyrir að matið mjög gott merki mikil gæði í kennslu og starfi ættu allir að geta náð því. Það felur í sér að skólustarf geti haldið áfram án meiriháttar breytinga. Þrátt fyrir það eru þær væntingar gerðar til skólans að hann nýti hvert tækifæri til umbóta og kappkosti að verða framúrskarandi.

**Einkunn 4 - gott** á við um starf sem einkennist af styrkleika mikilvægra atriða sem saman vege greinilega meira en atriði sem þarf að bæta. Matið gott gefur vísbendingar um að þeir styrkleikar sem dregnir eru fram hafi greinilega jákvæð áhrif. Þrátt fyrir það eru gæði námsreynslu nemenda skert á einhvern hátt á atriðum þar sem umbóta er þörf. Það bendir til að skólinn ætti að leitast við að skjóta styrkari stoðum undir styrkleika samhliða því að grípa til aðgerða gagnvart þeim sviðum sem þarfnast umbóta.

**Einkunn 3 - nægilegt** á við um að sterk atriði rétt ná að vege meira en slök. Matið nægilegt gefur til kynna að nemendur njóti grunnþjónustu. Það greinir frá aðstæðum þar sem styrkleikar hafa jákvæð áhrif á námsreynslu nemenda. Þrátt fyrir að veikleikar séu ekki það mikilvægir að þeir hafi stöðug neikvæð áhrif þrengja þeir þó að gæðum námsreynslu nemenda þegar á heildina er litið. Matið bendir til að skólinn ætti að grípa til aðgerða vegna veikra þátta með því að byggja á styrkleika sínum.

**Einkunn 2 - slakt** gefur til kynna að sum atriði séu sterk, en mikilvæg atriði slök. Almennt má búast við því að matið slakt komi fram í fjölda aðstæðna. Þrátt fyrir að sjá megi einhverja sterka þætti eru mikilvæg atriði slök og munu annað hvort á stöku stað, eða þegar þau eru tekin saman, skerða námsreynslu nemenda verulega. Matið bendir á þörfina á skjótum, skipulögðum og virkum aðgerðum af hálfu skólans.

**Einkunn 1 - ófullnægjandi** gefur til kynna að mikilvæg atriði skólustarfs séu slök og þarfnist tafarlausa úrbóta. Námsreynsla nemenda er í hættu í veigamikilum atriðum. Í nánast öllum tilfellum þarf starfsfólk, sem ber ábyrgð á starfi sem leiðir til matsins ófullnægjandi, á stuðningi skólastjórnenda að halda við að skipuleggja og hrinda í framkvæmd nauðsynlegum umbótum. Þetta getur falið í sér að vinna með öðru starfsfólki eða samstarfsstofnunum utan skólans sé nauðsynleg.

Þegar einkunn er gefin fær hver matshópur í hendur viðmið fyrir einkunnirnar 2 (slakt-afar slakt) og 5 (mjög gott – afar sterkur þáttur) sem eiga við þann gæðagreini sem verið er að meta. Viðmiðin eru notuð sem umræðugrundvöllur fyrir hópana og út frá því kemur hver hópur sér saman um einkunn á bilinu 1 til 6 fyrir hvern þátt. Hópurinn ákveður heildareinkunn og þarf að geta fært rök fyrir mati sínu. Síðan eru sterkar og veikar hliðar dregnar fram og einnig kemur hópurinn sér saman um hvað hann telur mikilvægustu þætti þessa gæðagreinis. Að lokum er þróunaráætlun unnin.

## Matsáætlun 2017 – 2020

	2017 - 2018	2018 - 2019	2019 - 2020
Haustönn	5.2 Kennsla sem leiðir til árangursríks náms 5.3 Til móts við námsþarfir 5.4 Mat í þágu náms/leiðsagnarmat	7.1 Mönnun ráðningar og stöðugleiki 7.2 Nýting mannafla og teymisvinna 7.3 Starfsþróun og starfsmat/starfsmannaviðtöl	1.1 framfarir í skólastarfi 1.2 Samræmi skólastarfsins við lögboðnar skyldur 2.1 Námsreynsla nemenda
Miðönn	4.2 Árangur samstarfs og tengsla skólans við samfélagið í heild 5.7 Samstarf við nemendur og foreldra 5.8 Umhyggja og velferð og þroski nemenda 5.9 Sjálfsmat sem undirstaða umbótastarfs Allir	8.1 samstarf við samfélagið, skólastofnanir, skólaskrifstofu og sveitarstjórn 8.2 Fjármálastjórn 8.3 Stjórnun og notkun búnaðar og námsumhverfis 8.4 gagnavarsla og nýting upplýsinga	2.2 Árangur skólans í að efla foreldra, forráðamenn og fjölskyldur til þátttöku í skólastarfi 3.1 Þátttaka starfsfólks í starfi skólans 4.1 Árangur skólans í samstarfi og tengslum við nærsamfélagið
Vorönn	6.1 Endurskoðun skólastefnu og þróunarvinna 6.2 Þátttaka í stefnumótun og áætlunargerð 6.3 Þróunaráætlanir	9.1 Sýn, gildi og markmið 9.2 Forysta og framtíðaráform 9.3 Efling starfsmanna og samvinna 9.4 Forysta um framfarir og breytingar	5.1 Skólanámskrá 5.5 Væntingar og leiðir sem stuðla að árangri 5.6 Jafnrétti og sanngirni

## Niðurstöður

### Gæðagreinir 4.2 Árangur samstarfs og tengsla skólans við samfélagið í heild

#### Vinnulag

Þessi gæðagreinir var unnin í febrúar 2018 af tveimur þriggja manna hópi starfsmanna.

#### Yfirlit gæðagreinis

Þessi gæðagreinir varðar áhrif skólans á samfélagið í heild, þar með talið menntasamfélagið í víðum skilningi. Hann fjallar um hvernig menning skólans stuðlar að nýjungum og styður við skapandi starf og nýbreytni. Jafnframt hvernig skólinn axlar ábyrgð sína, eftir því sem honum er unnt, á að deila með öðrum árangri í starfi og útbreiða hann. Einnig að vera skóli sem leitar sóknarfæra og gengur vel að takast á við breytingar. Þessi gæðagreinir tekur ennfremur á áhrifum skólans á þróun skólastarfs í víðu samhengi.

#### Viðmið fyrir einkunnina 5 og 2 í gæðagreini 4.2

##### **Dæmi um einkunnina 5**

Við erum vel upplýst um þróunarverkefni sem tengja okkur við aðra skóla á landinu eða í öðrum löndum, og í sumum tilfellum þátttakendur í slíkum verkefnum. Við höfum tileinkað okkur og lagað að aðstæðum okkar frumkvöðlaverkefni jafnt frá innlendum sem erlendum skólum. Við vinnum með ýmsum aðilum, s.s. öðrum skólum, sjálfbóðasamtökum og góðgerðafélögum sem hafa eftirsóknarverð markmið um þróun samfélags og umhverfis og hafa átt þátt í að auka gæði skólastarfs og þjónustu við nemendur. Við erum þátttakendur í þróunarverkefnum í samstarfi við menntayfirvöld á sveitarfélagsstigi eða á landsvísu. Skólinn okkar leggur áherslu á að tileinka sér nýjar aðferðir til að mæta breyttum þörfum. Við tryggjum að ákvarðanir sem teknar eru í skólastarfi séu nemendum ætíð til hagsbóta. Skólinn okkar beinir sjónum út á við. Við erum vel meðvituð um og tökum þátt í umræðum um málefni er snertir fólk á ólíkum svæðum. Við menntum nemendur okkar til að taka þátt í sjálfbærri þróun og búum þá undir þátttöku í samfélagi þjóðanna.

##### **Dæmi um einkunnina 2**

Skólamenning okkar einkennist hvorki af nýsköpun né vilja til umbóta. Skólinn býður upp á menntun sem mætir nokkurn veginn þörfum nemenda. Sjaldan er unnið að nýsköpunarverkefnum og við leitumst ekki við að læra af góðri reynslu annarra skóla, hvorki hér á landi né erlendis. Fáir starfsmenn taka þátt í störfum um skólamál utan skólans. Skólinn okkar hefur lítil áhrif á skólastarf utan okkar samfélags. Við bregðumst ekki nógu vel við breytingum. Við höfum yfirleitt ekki frumkvæði að breytingum þegar þörf er á varðandi nám og kennsluhætti til hagsbóta fyrir nemendur. Við höfum takmarkaðan skilning á málefnum samfélagsins og búum nemendur okkar ekki undir virka þátttöku í alþjóðasamfélaginu. Skólamenning okkar einkennist hvorki af nýsköpun né vilja til umbóta. Skólinn býður upp á menntun sem mætir nokkurn veginn þörfum nemenda. Sjaldan er unnið að nýsköpunarverkefnum og við leitumst ekki við að læra af góðri reynslu annarra skóla, hvorki hér á landi né erlendis. Fáir starfsmenn taka þátt í störfum um skólamál utan skólans. Skólinn okkar hefur lítil áhrif á skólastarf utan okkar samfélags. Við bregðumst ekki nógu vel við breytingum. Við höfum yfirleitt ekki frumkvæði að breytingum þegar þörf er á varðandi nám og kennsluhætti til hagsbóta fyrir nemendur. Við höfum takmarkaðan skilning á málefnum samfélagsins og búum nemendur okkar ekki undir virka þátttöku í alþjóðasamfélaginu.

#### Heildareinkunnargjöf

4, 4

## Matssamantekt

**Sterku hliðarnar okkar:**

Við erum dugleg að horfa fram á veginn, leita nýrrar þekkingar með því markmiði að auka gæði skólafarsins.

Þátttaka í verkefnum Jákvæður agi, byrjendalæsi, krakkaspjallið, ípadvæðing, tæknileg

**Veiku hliðarnar okkar :**

Vegna sameiningar skólanna þurftum við að eyða tíma og orku í grunnuppbyggingu nýs skóla og settum alla þróunarvinnu á „hold“ . En það var samt nauðsynlegt. Er kannski tímabært að fara að snúa sér að meiri þróunarvinnu?

Sjálfbærni og umhverfismál.

**Við erum sammála um að mikilvægustu þættirnir eru:**

Að skólinn sé virkur í þróunarstarfi og sé í góðu samstarfi við samfélagið í heild.

**Tillögur um aðgerðir:**

Setja okkur markmið um hvaða þróunarstarf og samstarf við samfélagið okkar henti skólanum á næstu árum.

Kenna nemendum gagnrýna hugsun og efla færni í samskiptum.

## Þróunaráætlanir

Hvað þarf að gera?	Hver á að gera það?	Hvenær á því að vera lokið?	Hvað þarf til?	Hvernig á að meta árangurinn?
Kanna hugmyndir hjá starfsfólki og jafnvel í skólasamfélaginu.	Skólastjóri og teymisstjórar.	Des. 2018	Skólalöng /könnun	Með gg. 4.2 Niðurstöður þings og/eða könnunnar
Skólastjóri og teymisstjórar að funda.	Skólastjóri og teymisstjórar.	Fyrir áramót 2018-19.	Tíma	Með gg. 4.2
Vinna stefnu um hvernig heimasíða skólans er nýtt (ritstjórnastefna).	Stjórnendur, umsjónarmaður heimasíðu.	Vor 2019.	Tíma	Með gg. 4.2
Vinna stefnu um notkun samfélagsmiðla. Vinna áætlun um innleiðingu Jákvæðs aga.	Starfsfólk.	Vor 2019.	Athuga lög og reglugerðir.	Með gg. 4.2
Skipuleggja flokkun (ruslflokkun)	Teymin.	Haust 2018.	Athuga gögn frá öðrum skólum.	Með gg. 4.2
			Vilja og framkvæmd.	

	Allt starfsfólk.	Haust 2018.		Með gg. 4.2
--	------------------	-------------	--	-------------

## Gæðagreininir 5.2 Kennsla sem leiðir til árangursríks náms

### Vinnulag

Unnið á kennarafundi seinni part septembermánaðar 2017 af einum fimm manna hópi kennara og stuðningsfulltrúa.

### Yfirlit gæðagreinis

Þessi gæðagreininir varðar gæði kennslu sem leiðir til árangurs í námi í jákvæðu umhverfi sem veitir auðuga námsreynslu og stuðlar að virkri þátttöku og rökhugsun nemenda. Hann undirstrikar þörfina á því að kennarar noti fjölbreyttar og vel ígrundaðar kennsluaðferðir þar sem samskipti kennara og nemenda eru hvetjandi og í samræmi við þarfir nemenda. Hann dregur sérstaklega fram samspil kennara og nemenda og hvernig það er notað til að velja kennsluaðferðir og viðfangsefni sem uppfylla þarfir nemenda. Einnig tekur gæðagreininirinn á mikilvægi upplýsinga og upplýsingatækni í skólastarfi til að auðga kennslu, styrkja nám og hvetja til náms.

### Viðmið fyrir einkunnina 5 og 2 í gæðagreini 5.2

#### Dæmi um einkunnina 5

Á grundvelli sameiginlegra gilda okkar sköpum við hvetjandi námsumhverfi þar sem notaðar eru fjölbreyttar náms og kennsluaðferðir. Við komum til móts við námsþarfir nemenda og áhuga þeirra og viðhöldum athygli þeirra. Við ræktum með nemendum okkar áhugasemi, sköpunarþörf og gagnrýna hugsun. Verkefni sem við leggjum fyrir nemendum okkar, bæði í skóla og í heimanámi eru vel skipulögð og krefja nemendum um virka þátttöku þar sem þeir vinna sjálfstætt og í samvinnu við aðra við lausnaleit. Við notum upplýsingatækni markvisst í námi og kennslu. Við gerum nemendum okkar grein fyrir tilgangi kennslustunda. Nemendur eru meðvitaðir um hvað þarf til að taka framförum og ná árangri í námi. Útskýringar okkar og leiðbeiningar eru skýrar og byggðar á fyrra námi og reynslu nemenda. Við tryggjum að nemendur fái tækifæri til að bera ábyrgð á eigin námi og á félagslegum samskiptum sínum við aðra. Nemendur njóta þess að taka þátt náminu og þeir taka framförum sem námsmenn. Þeir taka virkan þátt í náminu og hafa vitund um sjálfa sig sem námsmenn. Við notum endurgjöf markvisst til að stuðla að framförum í námi. Kennsla okkar krefst virkrar þátttöku nemenda og við hvetjum þá til að tjá skoðanir sínar og spyrja spurninga. Við notum hvetjandi spurningar og samræðu til að örva áhuga nemenda, hvetja þá til ígrundunar og efla sjálfstraust þeirra. Við hvetjum nemendur til að tjá skoðanir sínar, virðum svör þeirra að verðleikum og tökum mið af þeim við skipulagningu skólastarfs. Í kennslustundum tökum við skynsamlegar ákvarðanir og bregðumst fljótt við til að tryggja að námsþörfum allra nemenda sé mætt, þeim bjóðist viðeigandi stuðningur og krefjandi viðfangsefni. Við gerum okkur grein fyrir styrkleikum og veikleikum í þekkingu og hæfileikum nemenda.

#### Dæmi um einkunnina 2

Námsumhverfi okkar er ekki nógu hvetjandi fyrir nemendur og er ekki til þess fallið að stuðla að gagnrýninni og skapandi hugsun nemenda. Náms- og kennsluaðferðir, sem við notum mæta ekki alltaf þörfum nemenda okkar. Við notum ekki fjölbreyttar, viðeigandi leiðir í námi og kennslu. Við sköpum of fá tækifæri fyrir nemendum til að þroska með sér virka þátttöku þar sem þeir geta unnið sjálfstætt, fullir sjálfstrausts. Við nýtum okkur ekki upplýsingatæknina sem skyldi í námi og kennslu. Við sjáum nemendum

fyrir heimanámi en það er ekki alltaf vel skipulagt og ekki í samræmi við námið hverju sinni. Við erum ekki samtaka um að gera nemendum grein fyrir tilgangi kennslustunda eða að útskýra fyrir þeim hvað þurfi til, til að ná árangri sem námsmenn. Samskipti okkar við bekkinn, námshópin og einstaklinga eru hvorki styðjandi né krefjandi fyrir nemendur. Við gefum nemendum ekki nægan tíma til ígrundunar áður en við veitum endurgjöf. Við þurfum að veita nemendum fleiri tækifæri til að taka ábyrgð á námi sínu og í samskiptum við aðra. Samræða okkar við nemendur er of kennarastýrð. Við notum ekki svör nemenda á áhrifaríkan hátt til að hvetja þá til að tjá skoðanir sínar og spyrja spurninga. Við virkjum ekki alla nemendur nógu vel. Við bregðumst ekki alltaf við þegar skilningur nemenda okkar er ekki nægur og tryggjum ekki að kennsluhættir okkar hæfi þörfum þeirra. Einstaka nemendur hafa takmörkuð tækifæri til að fá endurgjöf um verkefni sín og leiðbeiningar um hvernig þeir geta náð auknum framförum í námi.

#### Heildareinkunnargjöf

4

#### Matssamantekt

##### **Sterku hliðarnar okkar**

Við erum að keppast við að koma til móts við nemendur í leik og starfi. Við viljum hafa fjölbreyttar kennsluáðferðir, gerum okkur vel grein fyrir styrkleikum og veikleikum nemenda. Við reynum að hlúa vel að nemendum og að bæta samskipti og líðan nemenda.

##### **Veiku hliðarnar okkar**

Við erum alltaf að gera okkar besta en okkur tekst ekki alltaf að halda athygli nemenda. Einnig spillir agavandamál mikið fyrir kennslunni í ákveðnum hópum.

##### **Við erum sammála um að mikilvægustu þættirnir eru**

Við erum að vinna gott starf en okkur vantar betri lausnir í agastjórnun. Erum með mjög erfiða einstaklinga innan skólans.

**Tillögur um aðgerðir:** Vinna áfram vel í agamálum og vinna að lausnum. Má alltaf gera betur í að finna meira áhugavekjandi verkefni.

#### Þróunaráætlanir

Hvað þarf að gera?	Hver á að gera það?	Hvenær á því að vera lokið?	Hvað þarf til?	Hvernig á að meta árangurinn?
Vinna vel samkvæmt markmiðum jákvæðs aga.	Allir.	Aldrei	Námskeið og hver lesi sér til.	Með líðan könnunum.
Markmið: Betri vinnufriður í tímum og betri samskipti.	Yfirumsjón: Skólastjóri og Anna G, verkefnastjóri jákvæðs aga.	Aldrei	Með því að meta vinnufrið í stofum og líðan nemenda. Upplifun kennara.	Upplifun kennara.

## Gæðagreindir 5.3 Til móts við námsþarfir

### Vinnulag

Unnið á kennarafundi seinni part septembermánaðar 2017 af einum fimm manna hópi kennara og stuðningsfulltrúa.

#### Yfirlit gæðagreinis

Þessi gæðagreindir fjallar um hvernig skipulag skólstarfs uppfyllir þarfir allra nemenda og hvernig tekist er á við hindranir í námi. Þetta felur í sér hversu meðvituð við erum um þarfir einstakra nemenda og nemendahópa og hvernig þeir eru studdir til að takast á við áskoranir og hindranir í náminu sem stafa til dæmis af fötlun, fjölskylduaðstæðum, heilsufari og félagslegum eða tilfinningalegum aðstæðum.

Viðmið fyrir einkunnina 5 og 2 í gæðagreini 5.3

#### **Dæmi um einkunnina 5**

Við mætum námsþörfum allra nemenda og nemendahópa og veljum viðfangsefni af kostgæfni. Verkefni, viðfangsefni og úrræði veita nægjanlegan stuðning og eru hæfilega krefjandi til að gera öllum nemendum kleift að ná hámarks námsárangri. Námsframboð og námsáætlanir mæta fjölbreyttum þörfum allra nemenda. Námshraði er einstaklingsmiðaður. Við gerum okkur far um að fylgjast stöðugt með og bregðast við þörfum nemenda, ekki síst einstakra nemenda sem hafa þarfir sem eru mjög frábrugðnar þörfum skólafélaganna. Þetta gerum við með nánu samstarfi við nemendur, foreldra þeirra og stoðþjónustu. Við höfum frumkvæði og tökum uppbyggilegar ákvarðanir sem miða að því að tryggja að mögulegar hindranir, s.s. í námsumhverfi eða vegna fjölskylduaðstæðna, heilsufars, fötlunar eða annars standi ekki í vegi fyrir námi nemenda. Sérkennarar og stuðningsúrræði skólans veita starfsfólki og nemendum góðan stuðning og ráð til að mæta námsþörfum nemenda. Einstaklingsnámskrár og stuðningsáætlanir innihalda viðeigandi námsmarkmið fyrir nemendur. Foreldrar og nemendur taka virkan þátt í endurskoðun námsáætlana og námsmatsþarfa.

#### **Dæmi um einkunnina 2**

Þrátt fyrir að við mætum þörfum einstakra nemenda að hluta til tökum við ekki alltaf mið af fyrra námi þeirra. Verkefni, viðfangsefni og úrræði veita ekki þann stuðning og ögrun sem nemendur þurfa til að ná næstu skrefum í náminu. Við tökum skref í áttina að því að greina námsþarfir nemenda en beinum sjónum okkar hvorki nægilega að þeim sem þurfa á viðbótarstuðningi að halda né að nemendum sem þurfa aukin krefjandi verkefni. Það sjást veikleikamerki á skipulagi samvinnu við nemendur, foreldra þeirra og viðeigandi stuðningsaðila um það hvernig við lítum á námsþarfir nemenda. Þegar við skipuleggjum nám og stuðningskennslu veitum við ekki athygli þáttum sem geta staðið í vegi fyrir námi. Sérkennarar og samstarfsaðilar og aðrir þeir er koma að ráðgjöf um nám veita takmarkaða aðstoð, stuðning og fræðslu til þeirra sem á þurfa að halda s.s. til starfsfólks og nemenda, um það hvernig við mætum námsþörfum nemenda. Við nýtum gildandi löggjöf ekki vel til að mæta námsþörfum nemenda. Skýrslugerð og gagnavarsla varðandi þarfir einstakra nemenda er ábótavant.

#### Heildareinkunnargjöf

4

### Matssamantekt

#### **Sterku hliðarnar okkar**

Við leggjum okkur fram um að mæta hverjum nemanda þar sem hann er staddur og leitumst við að vera í góðu samstarfi við foreldra og nýta þá stoðþjónustu sem í boði er. Sérkennari er í góðu sambandi við nemendur, kennara og stuðningsfulltrúa.

**Veiku hliðarnar okkar**

Við getum bætt okkur í því að virkja nemendur og foreldra meira til þátttöku í náminu og námsmati.

**Við erum sammála um að mikilvægustu þættirnir eru**

Að mæta námsþörfum nemenda með fjölbreyttum markmiðum og verkefnum við hæfi hvers eins.

**Tillögur um aðgerðir:**

Leita leiða til að virkja foreldra.

Þróunaráætlanir

Hvað þarf að gera?	Hver á að gera það?	Hvenær á því að vera lokið?	Hvað þarf til?	Hvernig á að meta árangurinn?
Virkja foreldra meira til þátttöku í áætlanagerð og námsmati.	Allir kennarar. Yfirumsjón: Skólastjóri og teymisstjórar.	Stöðugt í þróun.	Sameiginleg markmið foreldra og skóla.	Þegar við sjáum árangur og breytingar og með gæðagreiði 5.3

**Gæðagreinir 5.4 Mat í þágu náms/leiðsagnarmat****Vinnulag**

Unnið á kennarafundi seinni part septembermánaðar 2017 af einum fjögurra manna hópi kennara.

**Yfirlit gæðagreinis**

Þessi gæðagreinir varðar skuldbindingu starfsfólks, nemenda og foreldra til að nýta fjölbreyttar niðurstöður námsmats til að efla nám og þroska og íhuga gæði kennslunnar. Hann beinir sjónum að námsmati sem lykilþætti í námi nemenda, kennslu og gæðum námsverkefna sem hæfa öllum nemendum. Gæðagreinirinn dregur fram mikilvægi þess að nemendur, foreldrar og kennarar vinni saman að því að setja markmið. Hann tekur einnig á ábyrgð kennara á að tryggja viðeigandi framfarir í námi hjá öllum nemendum.

Viðmið fyrir einkunnina 5 og 2 í gæðagreiði 5.4

**Dæmi um einkunnina 5**

Námsmat okkar er byggt á skipulegum samskiptum og umræðum við nemendur og byggir á grunduðum og krefjandi spurningum um árangur í námi. Við notum fjölbreyttar aðferðir til að virkja nemendur í umræður um eigin skilning og framfarir. Við veitum nemendum okkar vandaða endurgjöf og hjálpum þeim að skilja næstu skref í náminu. Nemendur okkar taka sjálfir þátt í að meta eigin framfarir og taka reglulega þátt í jafningjamati. Við lögum kennslu okkar og þann stuðning sem veittur er nemendum, að niðurstöðum leiðsagnarmats. Við skipuleggjum góð námsverkefni byggð á þekkingu okkar á námi, námsárangri og þroska nemenda. Við þekkjum vel og bregðumst við þörfum allra nemanda, styrkjum færni þeirra og hæfileika og tökum mið af fyrra námi þeirra. Við notum upplýsingar úr námsmati vel til að meta nám og kennslu og stuðla að bættu skólastarfi. Við skoðum og metum hvern einstakling gaumgæfilega. Við deilum reynslu af námsmati okkar með samstarfsfélögum og ræðum hana til að tryggja að námskröfur séu samræmdar, fylgjumst með árangri og notum upplýsingarnar við námsáætlanagerð. Nemendur taka virkan þátt í samræðu um hvað eigi að læra og hvernig eigi að bæta námsárangur.



## Dæmi um einkunnina 2

Þrátt fyrir að við höfum almenna yfirsýn á námsframvindu nemenda er hún stundun byggð á veikum grunni. Við virkjum nemendur ekki alltaf til samræðna um námsmat og veitum þeim ekki góða endurgjöf. Nemendur taka ekki fúslega þátt í mati á námsframvindu sinni. Við bregðumst ekki alltaf á virkan hátt við viðbrögðum nemenda í kennslustundum. Við skipuleggjum nám og kennslu vandlega en einstaklingsmiðum þær ekki nógu vel eða notum til þess þekkingu okkar á námi nemenda, námsframvindu og úrræðum sem við höfum fengið upplýsingar um, t.d. frá sérfræðingum og samstarfsfólki. Við þyrftum að nota matsupplýsingar betur til að bæta störf okkar. Á sumum sviðum er námsmat ofnotað. Við fylgjumst með námsárangri nemenda og nýtum sumar upplýsingar sem við höfum til skipulagningar en nemendur skilja ekki alltaf hvers er vænst af þeim í námi og hvernig þeir geta tekið framförum. Skipulag okkar á skráningu birtir ekki augljóslega námsframvindu nemenda. Við greinum foreldrum og nemendum frá almennum skrefum í námsframvindu en ekki frá bestu leiðum til námsárangurs. Foreldrar eru óöruggir vegna hugtaka sem okkur er tamt að nota. Við veitum ekki reglulega upplýsingar um framfarir nemenda.

Heildareinkunnargjöf

4

Matssamantekt

### Sterku hliðarnar okkar

Góð vinna innan teyma varðandi námsmat og námsárangur einstakra nemenda. Mikil einstaklingsmiðun.

### Veiku hliðarnar okkar

Okkur vantar flæði og samræmingu á milli stiga til að myndist samfella og heild í skólastarfinu.

### Við erum sammála um að mikilvægustu þættirnir eru

Að mynda tengsl á námsmati milli stiga og samfellu í námi á milli stiga.

### Tillögur um aðgerðir:

Reglulegur samráðsfundur milli stiga.

Þróunaráætlanir

Hvað þarf að gera?	Hver á að gera það?	Hvenær á því að vera lokið?	Hvað þarf til?	Hvernig á að meta árangurinn?
Halda reglulega samráðsfundi milli stiga til að flæði og samræming verði til að samfella og heild myndist í skólastarfinu.	Kennarar en skólastjóri og teymisstjórar eru með yfirumsjón.	Aldrei, þarf að vera reglulega.	Tíma	Með gæðagreiini 5.4.

## Gæðagreinir 5.7 Samstarf við nemendur og foreldra

Vinnulag

Þessi gæðagreinir var unnin af tveimur þriggja manna hópi starfsmanna í febrúar 2018.

## Yfirlit gæðagreinis

Þessi gæðagreininir tekur fyrir samstarf skólans við heimili og fjölskyldur og áhrif þess á nám og námsframvindu. Hann beinir sjónum að því hvernig skólinn virðir alla foreldra og fjölskyldur nemenda og framlag þeirra til að styðja við nám sem grundvallaratriði í árangursríkum gagnkvæmum samskiptum. Gæðagreininir tekur einnig á því hvernig skólinn stuðlar að þátttöku foreldra í námi barna, leiðum skólans til að fá fram skoðanir foreldra, bregðast við þeim og koma upplýsingum um skólastarfið á framfæri við foreldra.

Viðmið fyrir einkunnina 5 og 2 í gæðagreini 5.7

### Dæmi um einkunnina 5

Aðferðir okkar við að virkja foreldra og fjölskyldur til þátttöku í skólastarfi eru skipulagðar, hafa tilgang og leiða til árangursríkra gagnkvæmra samskipta bæði við einstaka foreldra/forráðamenn og foreldrahópa um nám nemenda og starf skólans. Í skólann okkar eru allir velkomnir. Við leggjum okkur fram um að hvetja foreldra til að taka þátt í menntun og umönnun barna sinna. Við reynum sérstaklega að ná til þeirra sem eru ekki virkir í samskiptum við skólann. Við styðjum foreldra til þess að skilja og taka virkan þátt í umræðum um framfarir barna sinna og um leiðir til samvinnu um næstu skref í námi. Við mætum þörfum foreldra um samráðstíma sem þeim hentar svo framarlega sem okkur er unnt. Við notum skilvirkar leiðir til samskipta og samráðs við foreldra og nemendur um gæði menntunar og rekstur skólans. Við notum fjölbreyttar samskiptaleiðir, s.s. samtöl, bréfaskriftir, tölvupóst, símtöl og setjum upplýsingar fram á heimasíðu skólans. Fulltrúar nemenda og foreldra eiga aðild að skipulagningu skólastarfsins. Skýrar boðleiðir eru fyrir foreldra til að koma kvörtunum á framfæri og foreldrar skilja hvernig á að nota þær. Við svörum erindum foreldra og þegar tillögur þeirra samræmast ekki skólastarfinu útskýrum við það. Við notum árangursríkar leiðir til að mæta fjölbreyttum þörfum forelda/forráðamanna, svo sem vegna fötlunar og veitum tálkaþjónustu. Við greinum foreldrum og nemendum árlega frá helstu forgangsverkefnum okkar og lykilniðurstöðum um skólastarfið. Við gefum greinargóðar upplýsingar á viðeigandi hátt um lykilþætti í störfum okkar. Sjálfsmatsskýrsla skólans dregur á greinargóðan hátt fram styrkleika skólans og sóknarfæri í starfi hans. Við fögnum því þegar foreldrar hafa frumkvæði að því að taka upp málefni sem varða skólann og þróun skólastarfsins umfram það sem tengist þeirra eigin börnum sérstaklega.

### Dæmi um einkunnina 2

Við sjáum foreldrum og fulltrúum þeirra fyrir verkefnum og stuðningi en náum ekki að flétta þátttöku þeirra í skólastarfinu á skipulagðan og ákveðinn hátt. Við hvetjum foreldra til þátttöku í námi barna sinna, t.d. í gegn um heimanám en gefum þeim ekki nægar leiðbeiningar til að styðja börn sín. Við bjóðum foreldra velkomna til þátttöku í skólastarfinu en höfum ekki náð að virkja nema hluta þeirra. Sumir foreldrar eru tregir til og kvíða þátttöku í skólastarfinu. Þegar við boðum foreldra á fundi er fyrirkomulagið ekki nógu sveigjanlegt og mætir ekki þörfum hluta foreldra. Við notum fjölmargar aðferðir til samskipta við foreldra og nemendur en höfum ekki markvissar leiðir til að ná fram skoðunum þeirra og hugmyndum til að auka gæði í skólastarfi. Við eigum í góðum samskiptum við þorra foreldra en höfum ekki náð að þróa leiðir til að allra foreldra (svo sem innflytjenda). Við veitum foreldrum ekki næga endurgjöf þegar tillögur þeirra hljóta ekki hljómgrunn og sumum þeirra finnst þeir ekki hafa næg tækifæri til þátttöku í ákvarðanatöku um skólastarfið. Foreldrar eru óöruggir um hvernig þeir eiga að koma málefnum á framfæri við okkur og í hvaða farveg umkvartanir þeirra eiga að fara. Við greinum foreldrum og nemendum frá árangri og leiðum til þróunar skólastarfs en gildi upplýsinganna til foreldra er ábótavant t.d. vegna lélegrar kynningar, skorti á skýrri framsetningu eða vöntunar á upplýsingum um lykilþætti í skólastarfi.

Heildareinkunnargjöf

4, 4

## Matssamantekt

**Sterku hliðarnar okkar**

Að í skólann okkar eru allir velkomnir og að við reynum að mæta þörfum foreldra um samráðstíma sem þeim hentar svo framarlega sem okkur er unnt.

Upplýsingagjöf, samstarf og samskipti við foreldra.

**Veiku hliðarnar okkar:**

Við þurfum að leggja okkur fram um að hvetja foreldra til að taka meiri þátt í menntun. Þá þurfum við að hafa skýrari boðleiðir fyrir foreldra til að koma upplýsingum á framfæri. Þá þurfum við að greina foreldra og nemendur frá helstu forgangsverkefnum okkar og lyklniðurstöðum um skólastarfið, en það gerum við með því að birta sjálfsmatsskýrslu skólans í lok hvers skólaárs.

Upplýsingar á heimasíðu skólans, aðgengi fatlaðra og aðgangur að túlkþjónustu.

**Við erum sammála um að mikilvægustu þættirnir eru:**

Að foreldrar og nemendur fái sem greinabestar upplýsingar um skólastarfið frá skólanum.

Góð samskipti og samvinna við foreldra og forráðamenn er mjög mikilvægur þáttur í skólastarfinu, til að efla virðingu og traust og að séu skýrar boðleiðir til að koma á framfæri kvörtunum og öðru sem við kemur starfinu.

**Tillögur um aðgerðir:**

Ganga frá sjálfsmatsskýrslu og birta hana á heimasíðu skólans.

Auka upplýsingagjöf út á við til almennings á heimasíðu skólans, bæta aðgengi fatlaðra og notkun viðeigandi búnaði til upplýsinga fyrir þá sem eru með sérþarfir, t.d. heyrnaskerta og blinda.

## Þróunaráætlanir

Hvað þarf að gera?	Hver á að gera það?	Hvenær á því að vera lokið?	Hvað þarf til?	Hvernig á að meta árangurinn?
Vinna að því að búa til upplýsingaveitu fyrir foreldra þar sem þeir sjái hvernig verkferlar mála sem koma upp eru unnin innan skólans.	Allt starfsfólk undir handleiðslu skólastjóra og teymisstjóra.	Er aldrei lokið og þarf að vera í sífelldri endurskoðun.	Tíma á starfsmanna-fundum.	Með gg. 5.7 og þegar verkferlar birtast á heimasíðu skólans.
Ganga frá sjálfsmatsskýrslu skólans.	Nefnd um innra mat.	Júní 2018	Tíma.	Þegar skýrslan birtist á heimasíðu skólans.
Auka upplýsingagjöf út á við til almennings á heimasíðu skólans.	Skólastjóri og umsjónarmaður heimasíðu.	Fyrir vor 2018	Tíma.	Þegar upplýsingar birtast á heimasíðunni.
Bæta aðgengi fatlaðra og notkun viðeigandi búnaði til upplýsinga fyrir þá sem eru með sérþarfir, t.d. heyrnaskerta og blinda.	Umsjónarmaður fasteigna.	Sem fyrst.	Tíma og peninga	Með gg. 5.7

## Gæðagreinir 5.8 Umhyggja og velferð og þroski nemenda

### Vinnulag

Þessi gæðagreinir var unnin af tveimur þriggja manna hópi starfsmanna í febrúar 2018.

### Yfirlit gæðagreinis

Þessi gæðagreinir varðar það hvernig skólinn mætir tilfinningalegum, líkamlegum og félagslegum þörfum nemenda og annast heilsu þeirra. Það er mikilvægt að slíkt skipulag sé virkt þegar nemendur flytjast á milli skóla eða skólastiga. Gæðagreinirinn tengist aðferðum skólans til að tryggja að nemendur upplifi öryggi og umhyggju og hvernig stuðlað er að persónulegum og félagslegum þroska þeirra. Hann leggur áherslu á þörf nemenda fyrir ráðgjöf sem gerir þeim kleift að taka upplýstar ákvarðanir um nám sitt innan skólans og hvert þeir stefna er skólagöngu lýkur.

Viðmið fyrir einkunnina 5 og 2 í gæðagreini 5.8

### Dæmi um einkunnina 5

Stefna okkar um velferð og umhyggju fyrir nemendum er skýr, viðeigandi og henni er fylgt eftir. Allt skólasamfélagið tekur virkan þátt í að efla velferð einstaklinga. Við þekkjum hlutverk okkar og ábyrgð varðandi heilsu og öryggi. Við höfum fengið þjálfun og kunnum til verka á sviði barnaverndar. Við vinnum af nærgætni og á áhrifaríkan hátt með þarfir og málefni nemenda og tryggjum þeim skilvirkar leiðir til að koma kvörtunum sínum á framfæri. Heilsa og heilbrigði eru hluti af skólamenningu okkar. Skólinn okkar hefur skýrar aðferðir til að kanna bakgrunn fullorðinna sem vinna með börnum.

Við erum vakandi yfir tilfinningalegum, líkamlegum og félagslegum þörfum barna og leggjum okkur fram um að efla persónu- og félagsþroska þeirra í öllu skólastarfi. Við gefum því sérstakan gaum þegar nemendur flytjast á milli skóla eða skólastiga. Nemendur eru stöðugt hvattir til að leggja sig fram, sýna umburðarlyndi og þróa hæfni sína í mannlegum samskiptum. Í skólanum okkar ríkir traust, virðing og trúnaður. Starfsfólk skóla, skólaskrifstofa og þeir aðilar sem tengjast skólastarfinu styðja við nemendur og fjölskyldur þeirra. Við vinnum af nærgætni með upplýsingar sem snerta einstaklinga.

Nemendur sýna frumkvæði varðandi framtíðaráætlanir sínar og hafa öðlast hæfni og þekkingu til að skipuleggja starfsferil sinn á árangursríkan hátt og þeir fá tækifæri til að kynna ýmsum starfsgreinum. Starfsráðgjöf byggir á viðeigandi samráði og ráðleggingum sem byggðar eru á nýjustu upplýsingum á hverjum tíma.

### Dæmi um einkunnina 2

Á meðan við sýnum viðleitni í því að skapa öruggt og umhyggjusamt skólaumhverfi eru þrátt fyrir það veikleikar á því sviði. Stefna okkar vanrækir suma þætti, s.s. varðandi aðgát og velferð nemenda okkar eða er ekki í heiðri höfð hjá öllu starfsfólkinu okkar. Starfsfólkið hefur einhverja hugmynd um hvað barnavernd felur í sér en myndi þurfa á frekari fræðslu um barnaverndarmál að halda. Stefna okkar varðandi t.d. eineltismál, kynþáttafordóma, misnotkun vímuegja og örugga tölvunotkun er hvorki skýr né að fullu útfærð. Við gerum okkur grein fyrir heilsuvernd/málefnum tengdum heilsu og heilbrigði, en fylgjum þeim ekki nægjanlega eftir í starfi okkar. Á meðan við leggjum áherslu á einstaklingsþarfir og berum samviskusamlega umhyggju fyrir nemendum þá vanrækjum við stundum rétt barna, trúnað við þau, virðingu við þau og friðhelgi einkalífs þeirra. Sumir nemendur eru óöruggir um hvernig þeir eiga að koma á framfæri skoðunum sínum og umkvörtunum. Skólinn okkar hefur ekki skýrar aðferðir til að kanna bakgrunn fullorðinna sem vinna með börnum.

Aðferðirnar sem við beitum til að þróa persónulega og félagslega hæfileika nemenda eru ekki vel samhæfðar. Nemendum gefst ekki öllum tækifæri til að sýna öðrum umhyggjusemi og þroska með sér

borgaravitund. Þegar nemendur flytast á milli skólastiga er stundum ekki hugað nægjanlega vel að aðlögun þeirra félags- og tilfinningalega. Við sköpum ekki næg tækifæri fyrir nemendur til að þroska með sér persónulega ábyrgð eða til frekari afreka. Aðferðir okkar til að skapa skólabrag sem einkennist af gagnkvæmu trausti, virðingu og ábyrgðarkennd eru ekki árangursríkar. Það eru dæmi um að okkur skorti skynbragð á bakgrunnsupplýsingar um nemendur og að viðbrögð okkar við tilfinningaþörfum nemenda eru í samræmi við það.

Nemendum eru ekki alltaf gefnar nákvæmar, viðeigandi og uppfærðar upplýsingar og ráð þegar undirbúa á þá til að velja menntun, þjálfun eða vinnu. Aðferðir okkar við að leiðbeina nemendum þegar þeir þurfa að taka ákvarðanir í námi eru af skornum skammti eða ekki vel tímasettar. Tækifæri til starfskynninga, starfsráðgjöf og allt nám er varðar framtíðarstörf þeirra eru af skornum skammti eða gæðalítið.

Heildareinkunnargjöf

3, 4

Matssamantekt

### Sterku hliðarnar okkar

Við erum lítill skóli og þekkjum nemendur okkar vel og berum sameiginlega hag þeirra fyrir brjósti. Samstarf milli skólastiga er auðvelt og leiðir það af sér betra flæði í félagslegum og námslegum leiðum fyrir hvern og einn nemanda.

Við þekkjum hlutverk okkar varðandi heilsu og öryggi og sýnum nærgætni í málefnum nemenda. Við hvetjum nemendur til að leggja sig fram í mannlegum samskiptum. Innan skólans ríkir traust, virðing og trúnaður og stutt er vel við nemendur og fjölskyldur þeirra.

### Veiku hliðarnar okkar

Það er ekki náms- og starfsráðgjafi í skólanum, bæta þarf þekkingu starfsfólks á vinnu barnaverndar, við vitum ekki til þess að bakgrunnur starfsfólks sé kannaður. Umræða um lýðheilsu þyrfti að auk, menntun í skyndihjálpi.

Slæmar aðstæður í heimilisfræðistofu.

Sími ætti að vera í hverri stofu sem öryggistæki.

Snúa að einhverju leyti að náms- og starfsráðgjafatengdum þáttum. Við mættum gefa betur gaum að nemendum sem koma nýir inn í hópa og leitast við að virkja skólasamfélagið betur í heild sinni.

Þróunaráætlanir

Hvað þarf að gera?	Hver á að gera það?	Hvenær á því að vera lokið?	Hvað þarf til?	Hvernig á að meta árangurinn?
Laga heimilisfræðistofu út frá heilbrigðissjónarmiðum.	Fasteignasýsla sveitarfélagsins.	Sem fyrst.	Fjármagn og tíma.	Þegar búið er að endurnýja stofuna.
Auka lýðheilsu t.d. með fleiri útivistartímum.	Skólastjóri	Haut 2018.	Tími á stundarskrá.	Er útivistartími er kominn stundarskrá.
	Skólahjúkrunarfræðingur og skólastjóri.	Haut 2018		Eftir að loknu námskeiði.

Bæta þekkingu starfsfólks á skyndihjálpi, barnavernd og fl.	Skólastjóri	Sem fyrst.	Námskeið á skipulagsdögum að hausti.	Þegar námsráðgjafi er ráðinn.
Efla náms- og starfsráðgjöf.	Skólastjóri og starfsfólk	Fyrir lok næsta skólaárs (2019)	Auglýsa stöðuna.	Með gg. 5.8.
Marka skýra stefnu í að efla umhyggju og velferð nemenda. Upplýsa alla um hver stefnan er. Hafa stefnuna sýnilega öllum í skólasamfélaginu.			Vinna stefnuna: gefa tíma til þess. Halda fundi til að upplýsa alla. Hafa efni aðgengilegt á heimasíðu skólans.	

## Gæðagreininir 5.9 Sjálfsmat sem undirstaða umbótastarfs

### Vinnulag

Þessi gæðagreininir var unnin af tveimur þriggja manna hópi starfsmanna í febrúar 2018.

### Yfirlit gæðagreinis

Þessi gæðagreininir varðar það hvernig skólinn mætir tilfinningalegum, líkamlegum og félagslegum þörfum nemenda og annast heilsu þeirra. Það er mikilvægt að slíkt skipulag sé virkt þegar nemendur flytjast á milli skóla eða skólastiga. Gæðagreininirinn tengist aðferðum skólans til að tryggja að nemendur upplifi öryggi og umhyggju og hvernig stuðlað er að persónulegum og félagslegum þroska þeirra. Hann leggur áherslu á þörf nemenda fyrir ráðgjöf sem gerir þeim kleift að taka upplýstar ákvarðanir um nám sitt innan skólans og hvert þeir stefna er skólagöngu lýkur.

Viðmið fyrir einkunnina 5 og 2 í gæðagreini 5.9

### Dæmi um einkunnina 5

Við metum og ígrundum kennsluhætti okkar bæði ein og með samstarfsfólki og breytum til batnaðar. Við metum starfshætti skólans með samstarfsaðilum með stöðugar umbætur að leiðarljósi og leggjum í breytingar þar sem þeirra er þörf. Við notum árangursríkar leiðir til að leita eftir skoðunum starfsfólks, foreldra, nemenda, samstarfsaðila og annarra um gæði skólastarfs. Við höfum skipulega samvinnu við þá aðila sem þjónusta börn til að tryggja þróun starfsins. Sýn okkar, gildismat og markmið eru lögð til grundvallar við mat á skólastarfinu. Sjálfsmat okkar beinist að lyklatríðum í námi og námsárangri nemenda. Það er byggt á margvíslegum leiðbeiningum (um gæðastarf í skólum) og gögnum og er nákvæmt, kerfisbundið og gagnsætt. Allir ígrunda núverandi starfshætti og meta nýjungar og breytingar sem gerðar hafa verið. Þar sem við á eru viðeigandi gæðastaðlar nýttir við umbætur. Við greinum styrkleika okkar og sóknarfæri í skólastarfinu. Við deilum með öðrum því sem til fyrirmyndar er í starfi okkar. Skólasamfélagið vinnur saman að framförum í öllu starfi. Við tökum virkan þátt í að bregðast við niðurstöðum sjálfsmats skólans og getum á óbyggjandi hátt sýnt fram á umbætur sem sjálfsmat skólans hefur leitt til. Við beinum sjónum okkar sérstaklega að áframhaldandi framförum í námi og kennslu og námsárangri allra nemenda. Við metum og ígrundum kennsluhætti okkar bæði ein og með samstarfsfólki

og breytum til batnaðar. Við metum starfshætti skólans með samstarfsaðilum með stöðugar umbætur að leiðarljósi og leggjum í breytingar þar sem þeirra er þörf. Við notum árangursríkar leiðir til að leita eftir skoðunum starfsfólks, foreldra, nemenda, samstarfsaðila og annarra um gæði skólastarfs. Við höfum skipulega samvinnu við þá aðila sem þjónusta börn til að tryggja þróun starfsins. Sýn okkar, gildismat og markmið eru lögð til grundvallar við mat á skólastarfinu. Sjálfsmat okkar beinist að lykilatríðum í námi og námsárangri nemenda. Það er byggt á margvíslegum leiðbeiningum (um gæðastarf í skólum) og gögnum og er nákvæmt, kerfisbundið og gagnsætt. Allir ígrunda núverandi starfshætti og meta nýjungar og breytingar sem gerðar hafa verið. Þar sem við á eru viðeigandi gæðastaðlar nýttir við umbætur. Við greinum styrkleika okkar og sóknarfæri í skólastarfinu. Við deilum með öðrum því sem til fyrirmyndar er í starfi okkar. Skólasamfélagið vinnur saman að framförum í öllu starfi. Við tökum virkan þátt í að bregðast við niðurstöðum sjálfsmats skólans og getum á óbyggjandi hátt sýnt fram á umbætur sem sjálfsmat skólans hefur leitt til. Við beinum sjónum okkar sérstaklega að áframhaldandi framförum í námi og kennslu og námsárangri allra nemenda.

## Dæmi um einkunnina 2

Það er misjafnt eftir einstaka kennurum hversu árangursríkt mat okkar er á kennsluháttum. Við lítum svo á að sjálfsmat sé aðallega á ábyrgð stjórnenda og stuðlum ekki nógu vel að þátttöku allra starfsmanna, nemenda, foreldra og samstarfsaðila í matinu. Sjálfsmatsaðferðir okkar þarfnast meiri faglegrar ábyrgðar og samstarfs sem beinist að því að bæta gæði vinnu okkar. Matshópur metur skólastarfið og hópa-/teymisvinnu en notaðar eru takmarkaðar aðferðir sem beina sjónum hvorki nægilega að árangri og velgengni nemenda né markvisst að áhrifum sjálfsmats. Við erum stundum óákveðin eða myndum okkur skoðanir á styrkleikum okkar og umbótaþörf á veikum grunni. Við getum ekki sýnt fram á hvaða áhrif umbætur/aðgerðir hafa á nemendur. Sjálfsmatið hefur lítil áhrif á aukin gæði í námi og kennslu og árangri allra nemenda. Vísbendingar/sönnunargögn okkar um þessa þætti innihalda oft ekki lykilupplýsingar og eru ekki notaðar sem skyldi til að meta framfarir og setja fram áætlanir um umbætur. Við metum framfarir ekki skipulega með hliðsjón af markmiðum sem sett hafa verið fram í þróunaráætlunum. Við notum niðurstöður sjálfsmats til að greina frá stöðu og gæðum skólastarfs en þær eru byggðar á ótraustum grunni.

Heildareinkunnargjöf

4, 4

Matssamantekt

### **Sterku hliðarnar okkar**

Erum nýjungagjörn og tilbúin að fara nýjar leiðir.

Góð yfirsýn yfir nemendur og starfshætti. Starfsfólk í góðum samskiptum til þess að greina stöðuna og meta næstu skref.

**Veiku hliðarnar okkar:** Eftirfylgni er ekki alltaf nógu góð. Við höfum ekki alltaf tíma til að sinna öllum þeim spennandi verkefnum sem okkur langar til að framkvæma.

Skólastefna/heildstæð sýn á kennsluhætti eru ekki nógu skýrir. Sér í lagi fyrir utan að komandi, eins og t.d. foreldra.

### **Við erum sammála um að mikilvægustu þættirnir eru:**

Við höfum skipulega samvinnu við þá aðila sem þjónusta börn til að tryggja þróun starfsins.

Við tökum virkan þátt í að bregðast við niðurstöðum sjálfsmats skólans og getum sýnt á óbyggjandi hátt fram á umbætur sem sjálfsmat skólans hefur leitt til.

Skólasamfélagið vinnur saman að framförum í öllu starfi.

**Tillögur um aðgerðir:**

Ráða námsráðgjafa, vera dugleg við að horfa inn á við.

Þróunaráætlanir

Hvað þarf að gera?	Hver á að gera það?	Hvenær á því að vera lokið?	Hvað þarf til?	Hvernig á að meta árangurinn?
Leggja kannanir á frammistöðu skólans fyrir foreldra/forráðamenn.	Teymisstjórar/ umsjónar-kennarar.	Okt. 2018	Kannanir sem lagðar eru fyrir á foreldradögum.	Sjálftmetinn
Ráða námsráðgjafa	Skólastjóri	Fyrir haust 2018	Auglýsingu	Þegar námsráðgjafi er kominn til stafa.
Gera skólastefnu/heildstæða sýn á kennsluhætti og gera hana sýnilega í öllu starfi.	Allt starfsfólk undir stjórn skólastjóra.	Þessari vinnu er aldrei lokið en birta þarf skóla-stefnu skólans fyrir lok árs 2018	Skólastjórar undirbúa vinnufund og leggja síðan fyrir starfsmannafund til samþykktar.	Þegar stefnan er orðið sýnileg m.a. á heimasíðu skólans og jafnframt í starfi. Með gg.5.9.

### Gæðagreinir 6.1 Endurskoðun skólastefnu og þróunarvinna

#### Vinnulag

Þessi gæðagreinir var unnin af tveimur þriggja manna hópi starfsmanna í apríl 2018.

#### Yfirlit gæðagreinis

Stefnumörkun snýst um aðgerðir. Þessi gæðagreinir tengist þörfinni á því að skólastefna sé hnitmiðuð og skýr og að hún endurspegli forgangsverkefni sveitarfélagsins og á landsvísu og sé skólanum leiðarvísir í starfi og viðleitni til umbóta í skólastofunni. Hann leggur áherslu á það hlutverk alls skólasamfélagsins að sjá til þess að stefnumótun stuðli að samhengi í starfi allra hagsmunaaðila sem tengjast starfi skólans. Gæðagreinirinn beinir sjónum að því að hvaða marki stefnan endurspeglar sýn skólans, gildi hans og markmið. Hann bendir einnig á þörfina á að stefnu sé viðhaldið og hún sé í takt við tímann svo hún stýri starfi sem leiði til aukins árangurs fyrir nemendur.

Viðmið fyrir einkunnina 5 og 2 í gæðagreini 6.1

#### Dæmi um einkunnina 5

Starfsfólk, nemendur og foreldrar hafa sameiginlegan skilning á og er umhugað um markmið og gildi skólans. Stefna okkar setur barnið í forgrunn. Hún vísar leiðina og tekur mið af forgangsverkefnum í héraði og á landsvísu og af gildandi lögum og reglugerðum. Stefnan samræmist markmiðum og stefnu sveitarstjórnar og stefnumótunar á landsvísu. Stefnan veitir skýra og hnitmiðaða leiðsögn sem leiðir til bættra vinnubragða við kennslu. Skólastefna okkar miðar að því að mæta þörfum nemenda og draga úr hindrunum í námi. Samvinna við samstarfsaðila er vel skilgreind í stefnunni og sýnileg í starfi okkar.



Starfsfólk, nemendur, foreldrar og samfélagið eru virkir þátttakendur í mótun og endurskoðun skólastefnunnar. Við endurskoðum stefnuna til að endurspeglar breytingar í vinnubrögðum okkar og í gildandi lögum og reglugerðum, sérstaklega þeim er snerta umhyggju, velferð og verndun barna.

## Dæmi um einkunnina 2

Tengsl markmiða okkar og stefnu eru nemendum, foreldrum og samfélaginu ekki alltaf augljós. Stefna okkar veitir ekki alltaf skýra og hnitmiðaða leiðsögn fyrir starfsfólk, nemendur, foreldra og hagsmunaaðila til að tryggja samkvæmni í vinnubrögðum og kennslu. Markmið okkar hafa ekki nægilega í brennidepli að veita góða menntun og að gera öllum nemendum kleift að ná hámarksárangri. Skólastefna okkar er ekki nægilega skýr þegar fjallað er um um hlutverk og ábyrgð okkar við að mæta þörfum nemenda og draga úr hindrunum í námi. Framlag okkar til samstarfs við aðra aðila er ekki vel skilgreint sem leiðir til þess að rof myndast í námi sumra nemenda. Við endurskoðum og lagfærum stefnu okkar ekki nógu reglulega. Margt í stefnu okkar hefur ekki verið uppfært til að endurspeglar breytingar á vinnubrögðum eða lögum eða breyttum áherslum í sveitarfélaginu eða á landsvísi. Við höfum lágmarkstengsl við hagsmunaaðila við endurskoðun skólastefnu með tilliti til þess að tryggja að stefnan leiðbeini um framkvæmd sem leiði til aukins árangurs nemenda.

Heildareinkunnargjöf

2, 2

Matssamantekt

### Sterku hliðarnar okkar

Markmið með skólastarfi Þingeyjarskóla er að hafa nemendur í forgrunni í öllu því sem við tökum okkur fyrir hendur.

Að vinna gott starf þrátt fyrir að skólastefna er ekki fyrir hendi.

### Veiku hliðarnar okkar

Skólastefna hvergi sýnileg, starfsfólk veit ekki hvar hana er að finna.

Ekki til sýnileg stefna skólans.

### Við erum sammála um að mikilvægustu þættirnir eru

Að skólastefna Þingeyjarsveitar sé skýr og sýnileg.

### Tillögur um aðgerðir:

Að skólastefna verði gerð sýnileg skólasamfélaginu í heild.

Að vinna að gerð skólastefnu út frá skólastefnu sveitarfélagsins.

Þróunaráætlanir

Hvað þarf að gera?	Hver á að gera það?	Hvenær á því að vera lokið?	Hvað þarf til?	Hvernig á að meta árangurinn?
Skipuleggja vinnu og tíma fyrir gerð stefnunnar.	Skólastjóri/ teymisstjórar	Í skólalok 2018	Tíma	Þegar áætlun liggur fyrir á settum tíma.
Vinna við stefnuna			Skipulag og tíma	

	Skólastjóri/ teymisstjórar	Nóvember 2018		Innra mat – gg.6.1. Utanaðkomandi úttekt.
--	-------------------------------	------------------	--	--

## Gæðagreinir 6.2 Þátttaka í stefnumótun og áætlunargerð

### Vinnulag

Þessi gæðagreinir var unnin af tveimur þriggja manna hópi starfsmanna í apríl 2018.

### Yfirlit gæðagreinis

Þessi gæðagreinir lýtur að þátttöku allra hagsmunaaðila (starfsfólks, nemenda, foreldra, samfélagsins og samstarfsstofnana) í mótun stefnu og almennt í störfum skólans. Hann leggur áherslu á mikilvægi þess að allir hagsmunaaðilar séu vel upplýstir um skólastarfið og þróun þess. Einnig mikilvægi samráðs við hagsmunaaðila um aðgerðir til að bæta skólastarfið.

### Viðmið fyrir einkunnina 5 og 2 í gæðagreini 6.2

#### Dæmi um einkunnina 5

Til að tryggja bættan árangur nemenda nýtum við skoðanir og sérfræðipækkingu allra sem taka þátt í skólastarfinu til að hafa áhrif á þróun, mat og endurskoðun skólastefnu okkar og áætlana. Starfsfólk, nemendur, foreldrar, samstarfsstofnanir og aðrir hagsmunaaðilar taka virkan þátt í starfsmannafundum, nemendaráði, skólaráði, vinnuhópum, rýnihópum og öðrum vettvangi hagsmunaaðila. Við erum talsmenn samskipta, samráðs og þátttöku starfsmanna, nemenda, foreldra og samstarfsaðila og höfum skipulagt fyrirkomulag þess. Við eigum regluleg samskipti við þá ráðgjafahópa sem við á og erum með greinargóðar leiðbeiningar um samskipti við hagsmunaaðila og svörun til þeirra. Starfsmenn, nemendur, foreldrar og samstarfsaðilar eru óhræddir við að viðra hugmyndir, lýsa áhyggjum og leggja fram tillögur.

#### Dæmi um einkunnina 2

Við endurskoðum og lagfærum stefnu okkar ekki nógu reglulega. Margt í stefnu okkar hefur ekki verið uppfært til að endurspeglar breytingar á vinnubrögðum, lögum eða breyttum áherslum í sveitarfélaginu eða á landsvísu. Við höfum lágmarkstengsl við hagsmunaaðila við endurskoðun skólastefnu með tilliti til þess að tryggja að stefnan leiðbeini um framkvæmd sem leiði til aukins árangurs nemenda. Við gefum nemendum, foreldrum og starfsmönnum upplýsingar um starfið og framfarir en þær eru ekki alltaf greinargóðar, skiljanlegar eða þær nýjustu/uppfærðar. Við höfum ekki skilvirkar leiðir til að ráðfæra okkur og hafa samskipti við suma hópa hagsmunaaðila, svo sem nýbúa eða aðstandendur nemenda með fötlun. Við endurskoðum og lagfærum stefnu okkar ekki nógu reglulega. Margt í stefnu okkar hefur ekki verið uppfært til að endurspeglar breytingar á vinnubrögðum, lögum eða breyttum áherslum í sveitarfélaginu eða á landsvísu. Við höfum lágmarkstengsl við hagsmunaaðila við endurskoðun skólastefnu með tilliti til þess að tryggja að stefnan leiðbeini um framkvæmd sem leiði til aukins árangurs nemenda. Við gefum nemendum, foreldrum og starfsmönnum upplýsingar um starfið og framfarir en þær eru ekki alltaf greinargóðar, skiljanlegar eða þær nýjustu/uppfærðar. Við höfum ekki skilvirkar leiðir til að ráðfæra okkur og hafa samskipti við suma hópa hagsmunaaðila, svo sem nýbúa eða aðstandendur nemenda með fötlun.

### Heildareinkunnargjöf

3, 4

## Matssamantekt

### Sterku hliðarnar okkar

Nemendur eru óhræddir við að tjá sig og leita til t.d. skólastjóra með hugmyndir og vandamál. Við leggjum áherslu á samskipti og samráð við heimilin. Nemendur eru óhræddir við að viðra skoðanir sínar.

### Veiku hliðarnar okkar

Er að starfsfólk, nemendur, foreldrar, samstarfsstofnanir og aðrir hagsmunaaðilar taka virkan þátt í samstarfsfundum, nemendaráði, vinnuhópum, rýnihópum og öðrum vettvangi hagsmunaaðila. Stefnan er ekki sýnileg. Öll þessi ráð og hópar mættu vera virkari innan skólans.

## Þróunaráætlanir

Hvað þarf að gera?	Hver á að gera það?	Hvenær á því að vera lokið?	Hvað þarf til?	Hvernig á að meta árangurinn?
Búa til stefnu skólans.	Allt starfsfólk	Haust 2019	Markvissir fundir og vinna í stefnu skólans.	Með gg.6.2
Koma stefnu skólans inn á heimasíðu skólans.	Umsjónarmaður tölvumála.	Strax og hún er til	Internet og vinnu og smátíma.	Með sama skemmtilega gæðagreini 6.2 😊

## Gæðagreindir 6.3 Þróunaráætlanir

### Vinnulag

Þessi gæðagreindir var unnin af tveimur þriggja manna hópi starfsmanna í apríl 2018.

### Yfirlit gæðagreinis

Þessi gæðagreindir tengist skipulagi skólans við gerð þróunaráætlunar og áhrifa hennar. Hann beinir sjónum að því hvernig skólinn innleiðir áætlanir og metur áhrif þeirra á nemendur. Hann ítrekar þörfina á greinargóðri forgangsröðun sem byggir á upplýsingum úr sjálfsmati. Hann tengist samstarfi milli stofnana um áætlanagerð og framkvæmd til að tryggja framfarir sem bera skjótan árangur, sem og til lengri tíma litið.

Viðmið fyrir einkunnina 5 og 2 í gæðagreini 6.3

### Dæmi um einkunnina 5

Við erum með skýrt og skiljanlegt ferli við gerð þróunaráætlunar. Hagsmunaaðilar koma að vinnunni á fyrstu stígam áætlanagerðarinnar. Starfsfólk tekur þátt í gerð þróunaráætlunar og framkvæmd hennar. Við metum af festu hvaða áhrif áætlunin hefur á bættan árangur nemenda. Þróunaráætlun okkar endurspeglar vel sameiginlega sýn skólans ásamt áherslum í skólastefnu sveitarfélagsins og á landsvísu. Hún er kynnt öllum hagsmunaaðilum sem að skólanum standa og uppfyllir kröfur þeirra. Áætlunin setur krefjandi en framkvæmanleg markmið og greinir vel frá hvernig úrræðum verður beitt til að stuðla að

breytingum, hver ber ábyrgð, hvenær þær koma til framkvæmda, áhrif þeirra á nemendur, hver eru viðmið um árangur og hvernig á að meta hann. Við gerð þróunaráætlunar notum við markvisst upplýsingar úr sjálfsmati, faglega gagnrýni og reynslu af þróun í skólamálu. Við byggjum sértaklega á gögnum um gæði náms og kennslu og árangur og velferð nemenda. Það sést vel á samstarfi okkar við samstarfsskóla og -stofnanir að við höfum áhuga á að vinna með öðrum að því að því að efla árangur. Samstarfsaðilar okkar taka fullan þátt í áætlunum sem miða að því að tryggja öryggi, heilbrigði og umönnun nemenda. Einnig til að ganga úr skugga um að allir nemendur fái notið hæfileika sinna á fjölbreyttum sviðum og séu öruggir og ábyrgir einstaklingar sem taka virkan þátt og leggja sitt af mörkum til samfélags síns. Við höfum gaumgæft og gert ráð fyrir samfelli og sjálfbærni í þróunaráætluninni.

## Dæmi um einkunnina 2

Við erum með þróunaráætlun en hún beinir sjónum ekki nægilega að eflingu góðrar menntunar og því að hámarka árangur nemenda. Við erum með eitthvert mat á þróunarvinnu en þurfum að leggja meiri áherslu á beinan árangur fyrir nemendur. Ekki er samkvæmni við að hrinda í framkvæmd forgangsroðun í skólastarfi svo sem kennslu, stjórnun og samstarfi. Framkvæmd þróunaráætlunar hefur hvorki leitt til verulega bættis árangurs nemenda, né heldur eftl námsreynslu þeirra. Uppbygging og framsetning þróunaráætlunar er hvorki greinargóð né gagnleg sem vinnuþagg. Það eru of mörg eða fá þróunarmarkmið og þau beinast ekki alltaf að því sem skiptir höfuðmáli, að forgangsraða fyrir skólann okkar. Það skortir skýrar skilgreiningar á markmiðum verkefna, ábyrgð og tímasetningu í þróunaráætluninni. Við erum með óljós viðmið um árangur og hvernig við metum hvort árangri sé náð. Áætlanagerð okkar styðst ekki vel við þær upplýsingar sem fram koma í sjálfsmati, gæðamati eða greiningu gagna um framkvæmd og árangur. Við fylgjumst að einhverju marki með gæðum náms og kennslu og metum þau, en matið beinist ekki í aðalatriðum að námsreynslu nemenda og kennsluháttum sem ætti að vera forgangsatríði. Við skipuleggjum og forgagnsröðum að einhverju marki í samstarfi við tengslaskóla, faghópa, samstarfsstofnanir og stuðningsþjónustu. Þetta samstarf er hins vegar ekki alltaf vel skilgreint í áætlunum og samstarfsaðilar eru ekki alltaf meðvitaðir um hlutverk sín við framkvæmd þróunaráætlunar. Þróunaráætlun okkar tryggir ekki langtímaáhrif þróunarverkefna.

## Heildareinkunnargjöf

3, 1

## Matssamantekt

### Sterku hliðarnar okkar

Höfum sterka leiðtoga í þeim þróunarverkefnum sem eru í gangi. Almennt er starfsfólk jákvætt og vill taka þátt í vinnunni\*

Eru engar þær sem skólinn hefur enga formlega þróunaráætlun.

### Veiku hliðarnar okkar

Innleiðing gengur hægt vegna anna\*

Skólinn hefur enga formlega þróunaráætlun.

### Við erum sammála um að mikilvægustu þættirnir eru

Gott skipulag og utnumhald.

Að skólinn þurfi á þróunaráætlun að halda.

### Tillögur um aðgerðir:

Að hefja gerð þróunaráætlunar sem fyrst.

**Athugasemdir um gæðagreini:**

\*Við gerð þessa mats höfðum við aðallega í huga innleiðingu læsisstefnu, innleiðing ípad verkefnis og jákvæðan aga.

## Þróunaráætlanir

Hvað þarf að gera?	Hver á að gera það?	Hvenær á því að vera lokið?	Hvað þarf til?	Hvernig á að meta árangurinn?
Innleiðingaráætlun: jákvæður agi, Ípadverkefni Læsisstefna	Leiðtogar/ hópurinn	Aldrei.	Tíma.	Með gg.6.3
Safna gögnum í þróunaráætlun. Setja saman áætlun.	Innra matsnefnd og skólastjóri	Vorönn 2019	Skipulag og tími	Stöðug í skoðun.

## Þemavinna

Þegar Þingeyjarskóli var stofnaður þá var ákveðið að halda í sumar hefðir sem höfði skapast í gegnum tíðina í báðum skólum og einnig að búa til nýjar hefðir. Þar sem skólinn er sveitaskóli þá þótti við hæfi að halda áfram með haustþemavinnu fyrstu daga skólaársins og enda skólaárið með vorverkadögum þar sem brotið er upp hefðbundið skólastarf. Þá var hefð að hafa jólaþemaviku í Litlulaugaskóla sem síðan hélst eftir að skólarnir voru sameinaðir í einn skóla.

## Haustþema

Haustþemadagarnir voru fjórir fyrstu kennsludagar að hausti að þessu sinni þar af einn dagur sem var skráður sem tvöfaldur. Dagurinn sem skráður var sem tvöfaldur er svokallaður ferðadagur en þá er farið í langa ferð sem er hluti af haustþemaverkefninu. Þema þetta hausts var lífríki í og við sjó.

Veður þemadagana var gott og ferðir vel heppnaðar. Unglingastigið vann hópaverkefni um lífverur sem endaði sem stórt veggverk á gangi skólans. Farið var ferð í Flatey á Skjálfanda. Haustþemavinnan hjá unglíngunum er tvinnuð saman við svokallaða haustleika sem eru gerðir til að hrista hópinn saman. Þá vinna hóparnir ákveðin verkefni og þrautir og skila á myndbandi. Gefin eru stig fyrir verkefni.

Miðstigi fór í fjöruferð í Saltvíkurfjöru og yltjörnina við Húsavík. Þar voru veiddir gullfiskar sem eru í fiskabúri á ganginum. Hópar unnu verkefni um lífverur og veggverk á gangi.

Yngsta stigið fór í fjöruferð í Eyvíkurfjöru. Verkefni þeirra var komdu og skoðaðu hafið og í byrjendalæsi: Grái fiskurinn.

## Jólaþema

Síðustu daga fyrir jólafrí þá er brotið upp skólastarfið og við tekur svokallaðir jólaþemadagar í skólanum. Þá er tíminn skipulagður undir föndur, spil, bakstur og ratleik. Lokadagurinn er síðan tvöfaldur þ.e. að nemendur mæta á venjulegum tíma í skólann og þá er unnið að ýmsu sem þarf að ljúka fyrir jólafrí. Síðan fara nemendur heim en koma aftur seinni partinn í skólann og þá er gengið í kringum jólatré í Ýdölum um stund og eftir það er komið inn í skóla og sérstök jólamáltíð borðuð sameiginlega. Eftir það fara nemendur heim í jólafrí.

Í uppgjöri eftir jólaþemadagana kom fram að það þurfi að athuga að hafa verkefni þannig að spennustigið verði ekki of hátt á yngsta stigi. Á miðstigi var erfitt að finna verkefni sem hentaði öllum. Unglingastigið fór í að skreyta jólatréð í Ýdölum og kom í ljós að hópurinn var of stór. Þá þarf að huga að hafa meiri tíma í verkefni eins og Osmo-verkefnið en þar var riðlakeppni. Allir nemendur skáru út og steiktu laufabraud.

Eftir umræður um þemadagana í heild kom fram að það þyrfti að ræða vel við nemendur og undirbúa jólamáltíðina betur til að lækka spennustig og hávaða við t.d. máltíðina. Þá kom sú hugmynd fram að snúa dagskránni og enda við jólatréð í Ýdölum. Þá þarf að muna eftir hljóðnemum í Ýdölum og jafnvel hafa hljóðnema í matsal. Einnig þyrfti að hafa í huga að hafa n.k. veislustjórni í matsal.

Þó svo að ratleikjadagurinn hafi gengið vel þá vantar einhverja gulrót í endann. Sumir voru þaulsætnir inni í kakó. Þá þarf hópaskipting vera aðgengileg á fleiri stöðum.

### Vorverkadagar

Síðustu dagar skólans eru kallaðir vorverkadagar en þá er brotið upp skólastarfið og nemendur takast á við annarskonar vinnu. Í ár eru það 28. - 31. maí og lokadagurinn var svo 1. júní. Vikuna áður fór bréf heim með mið- og unglingsstigi þar sem þau voru beðin að velja um hvort þau ætluðu að vera heima og að vinna að vorverkum utan skóla eða vera í skólanum fyrstu tvo daga vikunnar. Þeir nemendur sem ekki velja vorverk utan skóla mæta í skólann og sinna þar fjölbreyttum verkefnum, mest í útiveru. Seinni dagarnir fóru síðan í ýmisleg verk í skólanum með skipulögðum göngutúrum og hjólatúrum í bland. Einn daginn kom lögreglan og var með fræðslu og skoðaði hjólin.

Á starfsdögum eftir skólaslit voru vorverkadagar gerðir upp á starfsmannafundi. Þar kom fram að það þurfi að hefja skipulag snemma. Ekki má vera of langur „frjáls tími“ – heldur þarf að vera skipulag á viðfangsefnum. Í nefndinni þurfa að vera fleiri en þrír. Óvenju mikið var um forföll starfsmanna og því skipulag ekki nægilega mótað.

Hugmynd kom að hafa „yfirþema“ og e.t.v. ratleik þar sem hægt er að safna stigum. E.t.v. þarf að hafa til taks verkefni sem sérstaklega eldri nemendur eru að vinna að eftir að námsmati er lokið. Nýta útistofu, áhugasviðsverkefni, starfskynningar.

Yngsta og miðstig heimsóttu leikskólann – hugmynd að hafa meira samstarf við leikskólann á vordögum og gætu t.d. nemendur sem ekki fara í vorverk, aðstoðað í leikskólanum þessa daga. Gott að hafa ruslatínslu þann dag sem allir eru. Gera meira úr lokadegi, undirbúa og t.d. skreyta salinn.

### Jólafondurdagur

Frá því að Þingeyjarskóli var stofnaður þá hefur verið haldinn jólafondurdagur í skólanum og er hann oftast en ekki fyrri hluta desembermánaðar. Þá koma nemendur, foreldrar og starfsfólk saman og fönndra til jólanna. Skipurð er nefnd til að ákveða og panta eftir sem þar til að fönndra úr. Þá er notaður tími til að undirbúa daginn með því að búa til sýnishorn og gera skapalón. Eftir síðasta fönndurdag kom fram í uppgjörinu að ekki væri nægur tími til undirbúnings. Þyrfti að vera 2 undirbúningsdagar. Niðurstöður uppgjörs fönndurdagsins eru að leggja þyrfti minna upp úr pappírsvinnu en búa samt til pappírstjörnur. Filtstöðin er alltaf vinsæl og mikil sköpunargleði þar. Þá var málað á tré (íspinnar, sleifar) og límt og málað á púsl (búið til hjörtu) og var mikil sköpun. Það sem þarf að hafa í huga er að hafa meiri aðstöðu fyrir málningarvinnu.

### Skemmtanir

Þegar grunnskóladeildir Þingeyjarskóla voru sameinaðar á einn stað og allt stokkað upp ákvað nýr skólastjóri að skapa nýjar hefðir með skemmtanir skólans. Ákveðið var að árshátíð væri ekki en í stað

haustgleði og þorablót yrðu lögð niður en í stað þeirra kæmi vorgleði. Hefð hefur skapast að unglingastigið og 3. – 4. bekkur (fer eftir fjölda og skiptingu á yngsta stigi) sjá um haustgleðina og miðstig og yngstu bekkir (1. bekkur og þeir bekkir sem hann er með í samkennslu) sjá um vorgleði.

#### Haustgleði

Haustgleði Þingeyjarskóla var haldin að Ýdölum 20. október 2017 kl. 20. Fluttur var söngleikurinn Honk – saga af ljótum andarunga eftir George Stiles og Anthony Drewe í íslenskri þýðingu og aðlögun Gísla Rúnars Jónssonar. Unglingastigið og 3. – 4. bekkur sáu um haustgleði þetta ár. Tónlistin var í höndum nemenda og Tónlistardeildar. Leikstjórn, búningar og sviðmynd var í höndum kennara skólans. Sýningar urðu tvær. Eftir að sýningum var lokið og farið var yfir stöðuna um hvað var jákvætt og hvað mætti hafa í huga að bæta kom í ljós að jákvætt nemendur voru dugleg bæði innan og utan sviðs. Samvinnan gekk vel og gekk vel að virkja nemendur í smink fyrir sýningu. Þá var aðkoma nemenda að tónlistinni frábær. Einnig var gott að hafa bæði hljóð- og ljósamann. Aftur á móti þurfum við að hafa í huga að úthald yngri nemenda í að fókusa og sýna samvinnu. Til þess þurfum við að hafa meiri afþreyingu. Þá væri gott að fá skjá niðri í kjallara svo yngri nemendur og eldri sem eru að bíða gætu fylgst með á sviði. Þá þyrfti að komast að því hvort væri hægt að nýta bæði herbergin sem eru baksviðs uppi í Ýdölum. Svo þarf að yfirfara nælur og kaupa fleiri.

#### Vorgleði

Vorgleði Þingeyjarskóla var haldin 15. mars 2018 kl. 20. Í ár var sett upp leikritið Kardimommubærinn eftir Torbjörn Egner og var það í höndum miðstigs og 1. – 2. bekkis. Æfingartímabilið gekk mjög vel og voru nemendur mjög duglegir í að læra textann. Leikmynd var mikil og þurfti að nota bæði stóra og litla sviðið. Framkoma og umgengni nemenda baksviðs var til fyrirmyndar. Tónlistin var í höndum nemenda og tónlistarkennara og er frábært hvað nemendur standa sig vel. Þá vildu nemendur fá meiri stýrðan dans og fá jafnvel tónlist frá Jóni Pétri svo að þau nýttu danskennsluna betur. Hljómsveitir nemenda spiluðu á balli og gekk það vel. Þá þarf að muna að vinna við svona uppsetningu er hellings vinna.